

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 19. desember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1140. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Austurbakki 2 - USK23100275 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN055542 með því að breyta innra skipulagi og innrétta aðstöðu fyrir líkamsrækt í rými 0002 í kjallara mhl. 16 á lóð nr. 6 við Austurbakka.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
2. Ásvallagata 54 - USK23110230 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum svölum á 2. hæð í húsi á lóð nr. 54 við Ásvallagötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Bankastræti 5 - USK23110084 Sótt er um leyfi til að auka leyfilegan gestafjölda í 250 manns og skrifstofu og fatahengi verður breytt í setustofu á skemmtistaðnum í húsi á lóð nr. 5 við Bankastræti.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Bergstaðastræti 10A - USK23080069 Sótt er um leyfi til þess að breyta skrifstofu í 3-herbergja íbúð á 3. hæð í húsi á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á aðaltekningu dags. 11. ágúst 2023 og afrit af aðaltekningu samþykktri 9. janúar 2018. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda
5. Bjargargata 1 - USK23110319 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080204 með því að innrétta rými sem áður var óinnréttað fyrir veitingastað í flokki 2, teg. C í húsi á lóð nr. 1 við Bjargargötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
6. Bústaðavegur 67 - USK23100068 Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlíð húss á lóð nr. 67 við Bústaðaveg.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Dugguvogur 42A - USK23110247 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060829, þannig að hætt er við neyðarlýsingu, loftræstiristar sem áður voru á veggjum eru settar í hurðar, og útveggir gerðir úr sjónsteypu á spennistöð á lóð nr. 42A við Dugguvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 25. október 2022.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

8. Efstaland 26 - USK23110087 Sótt er um leyfi til fyrir áður gerðum breytingum sem snýr að því að innrétta rými 0207 í mhl. 01 sem snyrtistofu, með þeim breytingum að gipsveggjum og skápaeiningum er bætt við í húsi á lóð nr. 26 við Efstaland.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
9. Freyjugata 9 - USK23110351 Sótt um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á ytra byrði húss á lóð nr. 9 við Freyjugötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Geirsgata 7B - USK23110291 Sótt er um leyfi til að skilgreina veitingastað í flokki ?, teg. ? í húsi á lóð nr. 7B við Geirsgötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Grandagarður 23 - USK23110062 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingarstaðar í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 23-25 við Grandagarð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti dags. 24. mars 2021.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
12. Grensásvegur 7 - USK23110320 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi veitingastaðar á lóð nr. 7 við Grensásveg.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Gufunesvegur 3 - USK23110228 Sótt er um leyfi til að byggja þrjár nýjar gistieiningar á lóð nr. 3 við Gufunesveg.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
14. Hafnarstræti 1-3 - USK23070106 Sótt er um leyfi til þess að stækka veitingarstað í flokki II tegund ? fyrir alls 200 gesti með því að breyta í veitingasal skrifstofu í austurenda efri hæðar, koma fyrir vatnsúðakerfi í hluta byggingar og glugga og nýjum flóttastiga á norðuhlið veitinga- og verslunarhúss á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. september 2023, samþykki meðeigenda dags. 17. júlí 2023, greinargerð Örugge efh. um brunavarnir dags. 3. nóvember 2022 og yfirlit breytinga á aðluppdráttum samþykktum 11. júlí 2019, 21. mars 2019 og 7. mars 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. Hamrahlíð 17 - USK23120121 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 þannig að komið er fyrir lyftu í húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð  
Fyrir breytingu: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir breytingu: xx ferm, xx rúmm.  
Erindi fylgir  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Haukahlíð 2 - USK23100216 Sótt er um leyfi til að byggja 3ja áfanga fjölbýlishússins Haukahlíðar 2, 72 íbúðir í þremur stigahúsum sem verða Haukahlíð 8, 10 og 12, jafnframt er sótt um leyfi til að breyta erindi BN061145 þannig að innra skipulagi íbúða, stærðum og lagnastokkum hefur verið breytt, öll stigahús eru sameinuð í einn matshluta, sem í verða 195 íbúðir og 101 bílastæði í kjallara ásamt þremur djúpgámasettum á lóð nr. 2 við Haukahlíð.  
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Eflu dags. 27. október 2023 og yfirlit breytinga á fyrri áfanga.  
Stærð 3ja áfanga: xx ferm., xx rúmm.  
Stærð alls: 25.252,8 ferm., 75.284,1 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Hestháls 14 - USK23110315 Sótt er um leyfi fyrir nýju strætóskýli við Höfðabakka, Háaleitisbraut, Hólmassel, Kristnibraut, Mímisbrunn, Snorrabraut, Suðurfell, Skógarsel og Vínlandsleið  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til samgöngustjóra.
18. Hjallavegur 40 - USK23060098 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, breyta eignarhaldi bílskúrs og stækka með viðbyggingu á tveimur hæðum til vesturs og að stakstæðum bílskúr til norðurs við íbúðarhús á lóð nr. 40 við Hjallaveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 fylgir erindi.  
Stækkun: 111,5 ferm., 328,8 rúmm  
Erindi fylgir mæliblað 1.354.2 dags. 30. janúar 2023 og hæðablað dags. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Hlaðhamrar 52 - USK23110227 Sótt er um leyfi til sameina í einn matshluta og að byggja viðbyggingu við leikskóla á lóð nr. 52 við Hlaðhamra.  
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 16. nóvember 2023 og yfirlit breytinga.  
Stækkun: 192,3 ferm., 385,4 rúmm.  
Eftir stækkun: 323 ferm., 824 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. Hádegismóar 6 - USK23110245 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051971, með síðari breytingum BN054110, BN056225 og USK23010287 þannig að brunaslöngur eru fjarlægðar og í staðinn sett upp slökkvitæki í atvinnu-og skrifstofuhúsi á lóð nr. 6 við Hádegismóa.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 11. júlí 2023  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

21. Hátún 25 - USK23110248 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, stækka og breyta anddyri með því að byggja yfir núverandi útitröppur, koma fyrir svölum og hækka með portrisi og kvistum, íbúðarhús á lóð nr.25 við Hátún.  
Stækkun: 84.6 ferm.,  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 28. maí 1942.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda
22. Hólmaslóð 6 - USK23060001 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja lyftu og stigahús, ásamt því að endurnýja glugga og hurðir í mhl. 01 á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. Hólmsland - USK23100043 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054661 þannig að byggt er inntaksrými við inngang og útveggir framlengdir til vesturs undir þaki sumarhússins Dalbær sem er mhl. 19 í Hólmslandi.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrú dags. 7. desember 2023.
24. Iðunnarbrunnur 1 - USK23110304 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi í parhúsi á lóð nr. 1 við Iðunnarbrunn.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. í september 2009 og lóðaruppdráttur dags. 28. febrúar 2020.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Kalkslétta 1 - USK23110088 Sótt er um leyfi að byggja spilliefnaskemmu á lóð nr. 1 við Kalkslétta  
Erindi fylgir bréf hönnuða dags.7.11.2023 mæliblað dags. 13.11.2020 og greinagerð brunahönnuða dags. 13.11.2023  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
26. Kirkjustræti 2 - USK23010091 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060686, þ.e. votrymum, innra skipulagi, inngangshurð, stigum, sorplausn, diskalyfta fjarlægð á öllum hæðum, bætt úr brunamerkingum í gististaðar í flokki II, tegund b., fyrir 124 gesti, í húsi á lóð nr. 2 við Kirkjustræti.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á teikningum erindis BN060686.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
27. Kleppsvegur 64 - USK23100333 Sótt er um leyfi til þess breyta innra skipulagi, bæta við herbergjum og fjölga íbúum um tvo á hverri hæð frá 3. - 6. hæðar á

hjúkrunarheimilinu Skjóli við Kleppsveg 64, mhl. 20, á lóð nr. 13 við Brúnaveg, Erindi fylgir teikningaskrá og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum. Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlitsins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Kleppsvegur Kleppur - USK23090208 Sótt er um leyfi til þess að hækka og breyta þakformi til að koma fyrir loftræstibúnaði fyrir ofan tengiganga skrifstofubyggingar við Kleppsgarða 5, mhl.18, á lóðinni Kleppsvegur Kleppur. Mannvirki sem sýnt er á gildandi aðalteikningum var ekki fullbyggt og eru teikningar og skráningartafla uppfærðar því til samræmis.  
Stærð eftir breytingar: 1.248.8 ferm., 3.362.6 rúmm.  
Stækkun: 3.8 ferm., 361.3 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytina á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 10. apríl 1970.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
29. Koparsléttu 16 - USK23110336 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23070155, þannig að milligólf er minnkað í vesturenda iðnaðar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 16 við Koparsléttu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. Kringlan 4-12 - USK23070261 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastaðnum Finnsson á 3. hæð í húsi á lóð nr. 4-12 við Kringluna.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. Kringlan 8-12 - USK23110042 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3.hæð, innréttu veitingastað í flokki II teg. A innréttu verslunarrými , ásamt millilofti tilheyrandi veitingastað. í mhl. 03 á lóð nr 8-12 við Kringluna.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Lambhagavegur 12 - USK23110263 Sótt er um að breyta erindi USK23080234 á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 23. júlí 2008, yfirlit breytinga og teikningaskrá.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Laugavegur 170 - USK23100047 Sótt er um leyfi til að byggja 2. áfanga Hekluareits, þriggja til sjö hæða fjölbýlishús með 105 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Laugavegi, á tveggja hæða kjallara með 80 bílastæðum á lóð nr. 170 við Laugaveg.  
Erindi fylgir greinargerð hljóðhönnuðar dags. 29. september 2023.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa þar sem ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Stærð, A-rými: 14.811,7 ferm., B-rými: 750,7 ferm.  
Samtals: 15.562,4 ferm., 49.478 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 35 - USK23100214 Sótt er um leyfi til opna yfir á efri hæðir Laugavegar 33, innréttar þar og í Laugavegi 35A gistað í fl. V teg. hóteli með 37 gistirýmum fyrir ? gesti á lóð nr. 35 við Laugaveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2023.
35. Lindargata 50 - USK23090112 Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 02 og mhl. 03 og til að breyta innra skipulagi og útliti nýs mhl. 02 á lóð nr. 50 við Lindargötu.  
Erindi fylgir breytingarskjal.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.  
Yfirlýsing um sameiningu fasteigna þarf að berast, þar sem verið er að sameina fasteignir í mhl. 02 og mhl. 03.
36. Lynghál 1 - USK23080167 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lynghál.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október sl. fylgir erindi þar sem ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Stærð: 172,0 ferm., xxx,x rúmm  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. desember 2023.
37. Láland 18 - USK23100218 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, bílskúr er lengdur, byggt er við húsið að sunnanverðu, innra skipulagi og gluggasetningum breytt auk þess sem sett verður málmklæðning á hús nr. 18 við Láland.  
Stækkun: 72,6 ferm., 34834 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Naustavogur 15 - USK23100331 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði samsett af fjórum 12m og einum 6m gám á staðsteyptri botnplötu á lóð nr. 15 við Naustavog  
Stærðir: 232,0 ferm., 932 rúmm.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Nethylur 3 - USK23110249 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059503 þannig að innra skipulagi er breytt, milligólf fyrir skrifstofur er komið fyrir í vestur enda húss nr. 3, inngangi er breytt með því að stækka tengibyggingu, glugga-og hurðasetningu er breytt til að bæta flóttaleiðir, - og nýjum svölum komið fyrir á vesturgafli verslunarhúss við Nethyl 3 og 3A á lóð nr. 3 við Nethyl.  
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð frá Öruggh ehf um brunavarnir dags. 15. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
40. Neðstaleiti 8 - USK23110279 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0601075 þannig að sótt er um leyfi fyrir svalalokanir á 2 íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Neðstaleiti.

Erindi fylgir yfirlit breytingar  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Njálsgata 1 - USK23110085 Sótt er um leyfi til þess að sameina rými 0001 og 0002 og innrétta veitingastað í flokki II, tegund ?, fyrir alls 30 gesti í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 1 við Njálsgötu.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. nóvember 2023, burðarvirkisteikning frá verkfræðistofu Stoð ehf dags. 7. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á aðalteikningu samþykkt 31. maí 2016.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
42. Selásbraut 98 - USK23070145 Sótt er um leyfi til þess að byggja 3-4 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara með 25 íbúðum og verslun- og þjónustu á jarðhæð á lóð nr. 98 við Selásbraut.  
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Stærð: 3.389,1 ferm., 8.860 rúmm.  
Nýtingarhlutfall. 1.28  
Erindi fylgir greinargerð Örugger ehf um brunahönnun dags. 7. júlí 2023, mæliblað 4.385.9 dags 13. febrúar 1995 og hæðarblað dags. 20. júní 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
43. Skipholt 19 - USK23110167 Sótt er um leyfir til að gera breytingar á eldhúsi og innrétta rými sem áður var geymsla á veitingastað í flokki 2 í húsi nr. 19 við Skipholt.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
44. Skólavörðustígur 19 - USK23110226 Sótt er um leyfi til að lækka gólf 1. hæðar á lóð nr. 19 við skólavörðustíg.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
45. Skólavörðustígur 40 - USK23110028 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, teg. D á jarðhæð í húsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
46. Skúlagata 26 - USK23070249 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús, 3-6 hæðir með 27 íbúðum á áður gerðum þriggja hæða kjallara og verður 2. áfangi byggingar á lóð nr. 26 við Skúlagötu.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 23. október 2018, brunahönnun frá Örugger dags. 24. september 2023, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 21. nóvember 2023, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett.  
Stærð: 5.401,1 ferm., 17.361,8 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
47. Spítalastígur 4A - USK23110280 Sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt og klætt utan með bárujúrni parhús á tveimur hæðum auk kjallara, með alls fjórum íbúðum, tvær í húsi á lóð nr. 6B og tvær í húsi á lóð nr. 4B við Spítalastíg.

- Afgreiðist samhliða erindi USK23110281.  
Erindi fylgir óþinglýst mæliblað dags. 23. nóvember 2023 og hæðablað samþykkt 27. nóvember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
48. Spítalastígur 6A - USK23110281 Sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt og klætt utan með bárujárnri parhús á tveimur hæðum auk kjallara, með alls fjórum íbúðum, tvær í húsi á lóð nr. 4B og tvær í húsi á lóð nr. 6B við Spítalastíg.  
Afgreiðist samhliða erindi USK23110280.  
Erindi fylgir óþinglýst mæliblað dags. 23. nóvember 2023 og hæðarblað samþykkt 27. nóvember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
49. Sundagarðar 10 - USK23070230 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við lagerhúsnæði á lóð nr.10 við Sundagarða.  
Fyrir stækkun: 3.479,4 ferm., 21.402,8 rúmm.  
Eftir stækkun: 3.883,6 ferm., 23.577,4 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
50. Suðurhlíð 38C - USK23100255 Sótt er um leyfi til að gera svalaskýli á svalir íbúðar 0404 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 38 við Suðurhlíð.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
51. Sólheimar 19 - USK23110031 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23040137 þannig að inngangi er breytt og hann færður á vesturhlíð færanlegrar kennslustofu leikskólans, við Sólheima 19-21, mhl.03, mhl.04 við Sólheima 19-21 á lóð nr. 19 við Sólheima. á lóð nr. 19 við Sólheima.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
52. Sólvallagata 14 - USK23050255 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, byggja lyftuhús norðan aðalinngangs, byggja yfir svalir ofan á inngangi, gera nýjan inngang og tröppur á norðurhlíð 1. hæðar að eldhúsi íbúðarhúss, mhl.01, byggja ofan á bílskúr, mhl.02, með aðgengi um utanáliggjandi stiga meðfram vesturhlíð og reisa öryggisgirðingu inn á lóð og meðfram lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 14 við Sólvallagötu.  
Stækkun Mhl01: 526.6 ferm., 1.569.8 rúmm.  
Stækkun Mhl.02: 77.7 ferm., 218.4 rúmm.  
Stærð Mhl.03 10.0 ferm., 28.0 rúmm.  
Heildarstækkun: 66.9 ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2023, greinargerð hönnuðar vegna samþykkis nágranna dags. 3. ágúst 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 21. febrúar 2017.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.



53. Sörlaskjól 68 - USK23090122 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að grafa frá og gera verönd meðfram suðurhlið, síkka glugga og bæta við hurð, setja svalir framan við kvist á suðurhlið þaks, og fjölga eignum með því að gera sér íbúð 0001, í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 68 við Sörlaskjól.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023.
54. Tjarnargata 14 - USK23110061 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23030108 þannig að gerð er slússa með tveimur 30. mín brunahurðum á milli íbúða á 1. hæð húsa nr. 14 og 16 við Tjarnargötu, í húsi á lóð nr. 14 við Tjarnargötu. Afgreiðist samhliða erindi USK23110313.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga að aðaluppdrætti samþykktum 14. mars 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
55. Tjarnargata 16 - USK23110313 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061813 þannig að gerð er slússa með tveimur 30. mín brunahurðum á milli íbúða á 1. hæð húsa nr. 14 og 16 við Tjarnargötu, í húsi á lóð nr. 16 við Tjarnargötu. Afgreiðist samhliða erindi USK23110061.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga að aðaluppdrætti samþykktum 14. mars 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
56. Varmadalur 5 - USK23100181 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði úr límtréseinum á lóð nr. 5 í Varmadal. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
57. Vegmúli 2 - USK23100215 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, sameina notkunareiningar og stækka sem því nemur tannlækastofu, koma fyrir nýjum aðgerðarstofum og skurðstofum á 5. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Vegmúla 2, mhl.08 á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut.  
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 19. október 2023, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. maí 2010 og hæða- og mæliblað.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis.
58. Þorragata 1 - USK23110314 Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN061638 með því að breyta skrifstofurými 0201 í skólastofu í húsi nr. 1 við Þorragötu.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
59. Þönglabakki 6 - USK23110229 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í veitingastaðar í flokki II, tegund c fyrir alls 12 gesti og 1-3 starfsmenn í rými 0106, 0107 og 0108 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Þönglabakka 6, mhl.07 á lóðinni Álfabakki12-

16/Pönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 25. ágúst 2020.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### Ýmis mál

60. Laugarásvegur 1 (fsp) - USK23100032 Spurt er hvort leyft yrði að innrétta íbúð í verslunarrými á jarðhæð húss á lóð nr. 1 við Laugarásvegur  
Erindi fylgir bréf eiganda og byggingarnefndateikningar og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023.  
Afgreitt.  
Neikvætt. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023.
61. Súðarvogur 52 - fyrirspurn - USK23090174 Spurt er um hvort breyta megi iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði í húsi nr. 52 við Súðarvog. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023 fylgir erindi.. USK23090174  
Afgreitt.  
Jákvætt. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023.
62. Hátún 10, 12 og 14 - 1.234.0 - USK23120083 Leggja þarf aftur fyrir byggingarfulltrúa erindi frá 2018, þ.e. að skipta lóðinni Hátúni 10 niður í þrjár lóðir, Hátún 10, 12 og 14 og stækka lítilega lóðina Hátún 10. Þetta þarf að gera aftur þ.ar sem landeignanúmerin frá 2018 eru orðin úrelt. Erindið frá 2018 stoppaði í þinglýsingarferli á því að einn fulltrúi þessar þriggja nýju lóða var ekki sáttur við skiptinguna.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
63. Reykjavegur - Ævintýraborgir - 1.375.1 - USK23110307 Gera mæliblað fyrir nýja lóð á bílastæði við Reykjaveg sunnan Engjavegar. Um er að ræða lóð fyrir tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

### Fundi slitið kl. 11:45

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson